Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Óundirritað bréf til Bjarna um glæpi

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti –Vasabækur – 1941-1966 – Menntaskólinn í Reykjavík – Glæpir – Hótel Borg – Fjársvik – Þórsi – Jón Gíslason – Steindór – Berlín – Guðmundur Matthíasson – Jens Benediktsson – Bjarni Bjarnason – Geir Borg

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður og greinar

Askja 1-6, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 26. maí.

Kæri vinur! Skrifa 5. júlí

Jeg er búinn að vera meir en hálfan mánuð hér í Reykjavík, án þess að fá atvinnu, en þó var jeg aldrei sannfærðari en nú um hve rétt eg hafi valið mér starfssvið. Við höfum talað nokkuð um hina pólitísku hlið blaðamensku – og rannar sjerstaklega á Íslandi og vil eg nú bæta nokkru við um þá hliðina, sem snýr að uppeldi almennings – eins og prédikað er í háskólanum – og um þau mál, sem nú er haldið leyndum, en sem vegna þýðingar sinnar fyrir almennan móral og velsæmi mega ekki lengur liggja í þagnarrúmi.

Fjársvik fara nú svo mjög í vöxt meðal almennings, að til hreinna vandræða horfir – ekki eingöngu fjárhagslega, heldur og fyrir fyrir almennan viðskifta-heiðarleik. Varla þekkist sá smákaupmaður í búðarholu, að hann steli ekki meir og minna úr sjálfs sín hendi – gerast þrotabú hið. Kornungir strákar eru staðnir að svikum – meiri en svikum úlfs í bankanum. T.d. hafa nokkrir piltar

í mentaskólanum orðið uppvísir að ca. 1000.00 króna sjóðþurð í bókasölu skólans — alt efnalausir menn, sem hafa tekið féð í smáskömtum, en aldrei getað borgað aftur. Sömu menn hafa stolið og selt — eða sagst hafa keypt 84 eintök af nýjum bókum á Tjörnu — komst þetta upp, þegar Þorleifur fór að endurskoða safnið nú um hátíðarnar. — Svo sem nærri má geta, er alt í uppnámi meðal kennara, og nú víst þeir allir ásamt rektorsnefnunni samhuga um að þagga þetta niður — en það er einmitt það, sem verst er fyrir drengina — því að svona glópir eiga ekki aðeins að fara fyrir lög og dóm — eða Helga frænda þinn geðveikralækni — heldur einnig beint í blöðin, því að það að glæpurinn er gerður opinber er hið eina, sem hjálpar að ráði til að vara aðra við honum.

Hórukassar hafa verið settir upp hjer í bæ á þrem stöðum, svo mér sé kunnugt — í tveim tilfellum í sambandi við leynivínsölu — og má e.t.v. kenna bannlögunum um þetta að nokkru leyti. Hið merkilegasta, sem frétt, er það, að Jóhannes Jósefsson hefur stelpur á Hótel Borg, sem hann leigir út. — Er og annað loðið við það fyrirtæki, sem sé að það borgar ekki kröfur, nema reikninga áfengisverzl., sem Jóhannes neyðist til að borga, vegna þess að hann fær ekki lánstraust nema fyrir kr. 1000.00 í einu!

Mun sá dóni hafa nokkuð glapsamleg plön í hausnum, og er ~~þessað~~ við því að búast, að Reykjavíkurbær og ríkið hljóti innan skamms laglegan skell af glapræði hans.

Sérðu þegar af þessu, að þungur verður róðurinn við fjárvald, róg og lýgi annars vegar, en fjársvik, glæpi og yfirhilmunum hinsvegar, og og hjer aðeins átt við hægriflokkana, að geymdum, en ógleymdum ávirðingum hinna.

Skrifa eg ekki meira í bili, því að eg vil vera vondur í skapi, þegar eg skrifa þér — beinlínis hneykslaður! – En trúa mátt þú því sem eg segi – því að eg hefi nef fínt fyrir sköndulum (eint.: skandali!) og skrifa þér ekki óstaðfestar heldur persónulega staðfestar fregnir...

19. júní

Það hefir dregist fyrir mjer að halda áfram með þetta brjef, sem jeg hefi svo fagurlega byrjað á. Bætir það nú úr letinni að skrifa, að jeg hefi fengið ritvjel til að semja á, og vona jeg að ekki takist ver en þegar Halldór Laxness fór að yrkja forðum.

Þessi mystiski útgerðarmaður er Páll nokkur frá Hjarðarholti en <u>ekki</u> Ingvar Guðjónsson, eins og hægt væri að ljúga að þjer, því að sá djöfull er líka slæmur með að fala giftar konur. Maðurinn - eiginmaðurinn - er Sigurbjörn nokkur Ármann, bróðir Ágústs þess, sem Thorarensen lyfsali brúkaði forðum til að selja fyrir sig áfengi og ljet að lokum fara í Steininn íx sinn stað, eins og þjersennilega er kunnugt um, þar sem þú fylgdist með öðrum svívirðingum þess manns - jeg á við Thorarensen.

Jeg þakka þjer annars brjefið, sem jeg fekk frá þjer fyrir nokkru, eins og þú sjerð, er jeg þegar búinn að svara nokkru af því,nfl. spurningunni um útgerðarmanninn.

Og vel á minnst, jeg les upphafið á bréfinu og sé, að jeg hefi gleymt að tilgreina um piltana, sem svikin frömdu. Þeir eru Jens Benediktsson, Bjarni Bjarnason, sonur B.frá Vogi, og Geir Borg, enda þótt óvíst sje, x hvort hinn síðasti á eins mikla hlutdeild, eða nokkra í hvarfi peninganna og bókanna.

Síðan upphaf brjefsins var ritað, hefi eg einnig fengið það staðfest, að um tíu eintök af bókum þeim, sem saknað var, hafa fundist, en talið er víst, enda þótt ekki sje vitað að Pálmi hafi gert rannsókn, að hin hafi farið með þeim hætti, er jeg taldi líklegan.

Jón Gíslason er nú farinn hjeðan aftur, að þessu sinni til Parísar. Er honum boðið að dvelja þar sjer að kostnaðarlausu hjá einhverjum norrænu-spekingi, sem ætlar til Íslands. Hitti jeg hann aðeins sem snöggvast, áður en hann fór, en gat lítið talað við hann. 3o-mörkin komum við okkur saman um að eg sendi honum til Parísar. Jeg hafði dregið það, af því, að hann var ekki í bænum, að borga honum þau, og nú þegar hann kom til bæjarins hafði hann vanrækt að láta mig vita af sjer, þangað til kvöldið sem hann fór, en þá gat eg ekki náð í fjeð.

Jeg fór að tala við Svein bróður þinn um þetta sem jeg skulda þjer. Sagði hann mjer, að hann hefði sent þjer mikla peninga nýlega, og að þú ~~skyldir~~ hefðir ekkert við þessi 128 mörk að gera, hvað gladdi mig þá. En nú er jeg búinn að borga honum þessa peninga, svo sem til að spara mjer símakostnað, og vona jeg að þú samþykkir þetta brask fyrir þitt leyti og semjir við Þórsa um það, sem hann átti af því. Annars varð jeg gramur út í helvítis glerskerann nei bílaeigandann, þennan Steindór í Berlín, fyrir að taka 25 pfenninga fyrir alls ekki neitt. Við ættum eiginlega að fara í mál við svínið, eins og Brynjólfur Bjarnason gerði forðum.

Taktu eftir blaðsíðutalinu.

Jeg hnakkrífst við föður minn á hverjum degi útaf pólitíkinni. Hann er nú í meira lagi kátur yfir sigri Jónasar. Þó þykir honum slæmt að vera búinn að fá Jónas Þorbergsson í staðinn fyrir sinn gamla flokksmann Sigurð Eggerz og hefir heldur litlar mætur á Birni þeim, sem felldi föður þinn í Norður-Þingeyjarsýslu. Rennur honum blóðið til skyldunnar, og gefur það mjer vonir um, að fylgi hans við Jónas ~~xxxxxx xxxxx~~ sje að mestu sprottið af hatri hans á íhaldinu.

Ekki er gott að segja, hvernig Sjálfstæðisflokkurinn tekur þessum ósigri sínum. Jeg hef brýnt fyrir öllum, sem jeg hefi talað við, að snúa huganum frá öllum ólátum, en þau virðast nú, að minsta kosti fyrstu dagana eftir kosningarnar vera flestum efst í huga. En kosningarnar hafa einmitt sýnt, hve illan bifur Reykvíkingar hafa vakið á sjer - eða rjettara sagt Jónasi tekist að vekja á þeim - með ólátunum í þingrofsdeilunni. Sú hugmynd, sem einna líklegust mun vera til að skjóta sveitamanninum skelk í bringu er sú, að Sjálfstæðismenn og Alþýðuflokkurinn í Reykjavík gerðu bandalag með sjer um allsherjarverkfall og viðskiftabann á þær sveitir, sem lýst hafa sig andhverfar því, að rjettlæti verði beitt í kosningu þingmanna.

Er hætt við að seinlegt yrði fyrir Sambandið og dýrt að koma á sjerstökum ferðum inn á hafnir gæðinga sinna og lítill markaðurinn fyrir Kópaskerskjötið í Reykjavík í haust. Enda hafa varla sjest hræddari menn hjer en Árnesingar, þegar þeim hefir verið sagt frá því, að þetta væri í ráði.

Er og höggvið all-nærri þeim, ef þeir eru sviftir mjólkurmarkaði í Reykjavík. En hræddur er jeg um, að seint muni Jón Þorláksson fást til að stjórna streiku þessari. Þetta er að því er jeg fæ best sjeð, besta ráðið til að sýna Framsókn í tvo heim ana. Ólöglegum meðulum er rangt að beita, enda bæði hættulegt og óstrategiskt, en á hinni passivu mótstöðu verður aldrei neitt haft.

Talið hefir verið í öllum kjördæmum, nema Eyjafjarðarsýslu, og er verið að bíða eftir atkvæðum úr Grímsey.

| | | |
|---|---|---|
| Sjálfstæðisflokkurinn | hefir | 16.538 atkv. |
| Framsókn | | 12.43o |
| Jafnaðarmenn | | 5.943 |
| Kommúnistar | | 1.o27 |

Þannig hafa andstöðuflokkar hinnar svokölluðu meirihlutastjórnar næstum tvöfalt meira atkvæðamagn en stjórnarflokkurinn. Fyrir 1234 atkv. í Reykjavík kom Framsókn engum að, en fyrir hina níu tíundu hluta atkvæðamagns síns kemur hún tuttugu þingmönnum að. Jeg sagði við pabba minn í kvöld: Þú ert einn af tólf hundruðum hjer í bænum, sem útilokuð eru frá því að hafa nokkur áhrif á, hverir sitja á þingi. Þú borgar í opinbera skatta næstum jafnmikið og heill hreppur í sveit, hreppur, sem á kannske einn tíunda part úr þingmanni.

Þessu þótti honum illt að svara.

snú

Jæja. Það fer að líða að því, að mig fari að syfja, og er þá hætt við því, að þynnast fari innihaldið í brjefinu.

Lífið hjer er mjög unaðslegt, að öðru leyti en því, hvernig kosningarnar fóru. Í dag mátti fyrst heita að dropi kæmi úr lofti, síðan jeg kom heim, og hafði þá víst lengi verið þurkur, eftir því sem karlarnir sögðu. En það hlaut auðvitað að rigna í dag, af því að það er þessi dagur (19.júní) dagurinn, þegar allar kerlingar finna sig knúðar til að bjarga ættjörðinni. Hann hlýtur að verða rigningardagur, jafnvel í blíðaskapartíð, eins og nú er.

Heldur þykir fólkinu búningur minn alltaf einkennilegur, einkum kvenfólkinu. Þær voru sumar að gefa mjer mjög hýrt auga fyrst, en nú er það búið, því að jeg hefi lítið gefið mig við þeim, og þær, sem jeg hefi kynnst hafa fundið það út, að jeg er bara venjulegur maður, þó að jeg sje í pokabuxum og gagnsærri kápu, og þá finnst þeim lítið púður í mjer - og mér í þeim.

Skilaðu alúðarkveðju til Þórsa og segðu að jeg fari bráðum að gera gangskör að því að skrifa honum, en það gangi illa , því að jeg geti ekki sagt neinar fyllirífis eða kvennafarssögur af mjer, síðan jeg kom heim. Segðu honum ennfremur, að jeg sje svo mikið stillingarinnar ljós, að ýmsir feður hafi farið að tala um það við mig að senda syni sína til Berlinar, af því að þeim virtist það vera svo stillileg borg (þetta er auðvitað lýgi, en hitt er satt, að jeg er manna penastur) Kær kveðja til allra Íslendinga.

P.S. Jón Sigurgeirsson er kominn heim. Hann stansaði ekkert í Reykjavík, fór samdægurs til Akureyrar. Jeg náði aðeins í lúkuna á honum til að heilsa honum og kveðja hann aftur.

Þeir eru komnir allir spekingarnir úr Wien, Einar Kristjánsson, Höskuldur Ólafsson og Grímur Magnússon. Þeir stóðu allir í þeirri meiningu , að jeg hefði komið til Wien og ekki náð í þá, annaðhvort af merkilegheitum eða ókunnugleik. Hafði Guðmundur Matthíasson skrifað þeim og sagt frá því, að jeg ætlaði að fara til Wienar og kvaðst ætla að láta mig fá adressu ein vers þeirra, en svo hvarf jeg úr Berlín og Guðm. mundi eftir því, að hann hafði gleymt að gefa mjer adressuna, en stóð í þeirri föstu meiningu, og stendur ef til vill enn, að jg hafi farið til Wienar.

Segðu Valgarði, að Gunnar bróðir hans sje alltaf að slá sjer upp í pólitíkinni. Hann hafði flutt skínandi góðar ræður í kjördæmi Torfa vinar okkar (meir um hann seinna) ~~Borgarfi~~ Mýrasýslunni. Auk þess ku hann hafa talað víðar.

Sendu mjer Voss, þegar þú ert búinn að lesa hann, eða að minsta kosti úrklippur úr honum. Berliner Illustrierte les jeg reglulega. Hún fæst hjá Eymundsen og Ársæli pólfara. Og sendu mjer drasl, sem þú getur hirt á byggingasýningunni, ef hún þá er ekki um garð gengin fyrir löngu. Þaðan vil jeg hafa hverskonar flugrit og auglýsingar fyrir alla muni.